



Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 11. desember 2023, kl. 13:00 á Teams.

Mætt eru: Fannar Jónasson (formaður), Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Ægir Karl Ægisson, Jóhann Snorri Sigurbergsson, Gunnar Axel Axelsson, Árni Sigfússon, Berglind Kristinsdóttir og Arnbjörn Ólafsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson

Forföll: Þuríður Aradóttir Braun, Sigrún Elefsen

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður og verkefnastjóri fóru yfir skýrslu stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 28. Nóvember 2022. Nánar er hægt að lesa sig til um verkefni í skýrslu stjórnar.

### 2. Ársreikningur 2021

Ársreikningur 2022 lagður fram. Ársreikningur var áður lagður fram á stjórnarfundi 16. ágúst og samþykktur þá.

### 3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Daníel Einarsson fór yfir helstu áherslur í starfsáætlun.

- Uppbygging áningarstaða og þróun áfangastaðarins Reykjanes Geopark
  - Sótt var um fjögur verkefni hjá Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða.
- Evrópuráðstefna UNESCO Geoparka haustið 2024 á Reykjanesi
- Fylgja eftir stefnumótun Reykjanes Geopark frá 2023
- Gestastofur í Grindavík og Reykjanesbæ
- Þróa nýtt kynningarefni sérstaklega fyrir jarðfræði svæðisins og útfæra einfaldað jarðfræðikort fyrir jarðvanginn. Einni verði unnið að ferðahandbók/leiðarvísi fyrir jarðvanginn. Áfram verður unnið að uppfærslum á skiltum.
- Endurútgáfa Reykjanesbókarinnar
- Fræðsla í Reykjanes Geopark, UNESCO skólar
- Geopark fyrirtæki

Samþykkt að vísa fullvinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 til stjórnar.

### 4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykktar félagsins:

- Kjartan Már Kjartansson af hálfu Reykjanesbæjar og til vara Þórdís Ósk Helgadóttir
- Fannar Jónasson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara
- Gunnar Axel Axelsson af hálfu Sveitarfélagsins Voga og Friðrik Valdimar Árnason til vara
- Magnús Stefánsson af hálfu Suðurnesjabæjar og Anton Kristinn Guðmundsson til vara
- Arnbjörn Ólafsson, Jóhann Snorri Sigurbergsson og Árni Sigfússon af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Ægir Karl Ægisson og Berglind Kristinsdóttir til vara.



## **5. Kosning endurskoðenda**

Samþykkt að Deloitte ehf. endurskoði reikninga félagsins samkvæmt útboði.

## **6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna**

Samþykkt að stjórn þiggi ekki laun þar til annað er ákveðið.

## **7. Ákvörðun um framlög til Reykjanes Geopark 2024**

Stjórn samþykkir tillögu um framlög til Reykjanes jarðvangs ses. fyrir árið 2024.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:47

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson